

**Orkuveita Reykjavíkur**  
Samstæða  
Samandreginn árshlutareikningur  
1. janúar til 31. mars 2018

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstreymsyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 nam 390 milljónum kr. (1.1.-31.3.2017: 6.039 milljónir kr.). Heildarrafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 var neikvæð um 2.613 milljónir kr. (1.1.-31.3.2017: jákvæð um 6.162 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 307.929 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2017: 311.258 milljónir kr.). Eigið fé nam 141.259 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2017: 143.871 milljónir kr.) og er eiginfárlutfall samstæðunnar 45,9% (31.12.2017: 46,2%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg .....	93,539%
Akraneskaupstaður .....	5,528%
Borgarbyggð .....	0,933%

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskjú stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Að álíti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2018 ásamt rekstrarrafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018

Reykjavík, 28. maí 2018.

Í stjórn fyrirtækisins:

*Brynhildur Davíðsdóttir*

*Gylfi Magnússon*

*Sigriður Rut Júlíusdóttir*

*Áslaug Friðriksdóttir*

*Kjartan Magnússon*

*Rakel Óskarsdóttir*

Forstjóri:

*Bjarni Bjarnason*

# Rekstrarreikningur

## 1. janúar til 31. mars 2018

---

	Skýr.	2018	2017
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstrartekjur .....	5	12.261.035	11.822.110
Söluhagnaður .....		1.816	231
	Rekstrartekjur samtals	<u>12.262.851</u>	<u>11.822.341</u>
Orkukaup og orkuflutningur .....		( 1.729.756)	( 1.700.725)
Laun og launatengd gjöld .....		( 1.509.032)	( 1.305.686)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 1.272.553)	( 1.131.133)
		( 4.511.342)	( 4.137.544)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) .....</b>		<b>7.751.509</b>	<b>7.684.796</b>
Afskriftir og virðisrynnun .....		( 2.287.212)	( 2.384.026)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>		<b>5.464.297</b>	<b>5.300.770</b>
Vaxtatekjur .....		154.789	112.169
Vaxtagjöld .....		( 1.520.946)	( 1.354.116)
Aðrar tekjur (önnur gjöld) af fjárelnum og fjárskuldum .....		( 4.742.841)	4.241.140
	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>7</u> ( 6.108.998)	<u>2.999.193</u>
Áhrif hlutdeildarfélaga .....		6.058	( 2.988)
	Hagnaður fyrir tekjuskatt	( 638.643)	8.296.975
Tekjuskattur .....		1.028.215	( 2.258.164)
	<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>389.573</b>	<b>6.038.811</b>

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 31. mars 2018

	2018 1.1.-31.3.	2017 1.1.-31.3.
Hagnaður tímabilsins .....	<u>389.573</u>	<u>6.038.811</u>

### Önnur heildarafkoma

Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning

Þýðingarmunur .....	( 3.002.350)	123.333
	<u>( 3.002.350)</u>	<u>123.333</u>
Önnur heildarafkoma eftir skatta .....	( 3.002.350)	123.333
Heildarafkoma .....	<u>( 2.612.778)</u>	<u>6.162.144</u>

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2018

	Skýr.	31.3.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		272.077.204	277.996.688
Óefnislegar eignir .....		1.668.175	1.607.504
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....		67.322	61.263
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		3.607.047	3.607.047
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		0	1.877.811
Áhættuvarnarsamningar .....		646.236	738.800
Tekjuskattseign .....		2.349.513	1.265.410
Fastafjármunir samtals		<u>280.415.497</u>	<u>287.154.523</u>
Birgðir .....		1.162.920	936.045
Viðskiptakröfur .....	8	7.890.571	5.847.289
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		0	346.301
Áhættuvarnarsamningar .....		152.534	36.081
Aðrar fjáreignir .....		0	4.090.265
Aðrar skammtímakröfur .....		345.156	305.860
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		578.033	162.174
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf .....		2.251.826	6.124.722
Handbært fé .....		15.132.015	6.254.983
Veltufjármunir samtals		<u>27.513.055</u>	<u>24.103.719</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>307.928.552</u></u>	<u><u>311.258.242</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna .....		79.697.201	80.349.640
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		20.036.431	16.805.347
Gangvirðisreikningur .....		3.144.133	3.144.133
Þýringarmunur .....		( 8.362.145)	( 5.359.795)
Óráðstafað eigið fé .....		46.743.041	48.932.114
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>141.258.661</u>	<u>143.871.439</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....		127.481.792	129.811.656
Lifeyrisskuldbinding .....		662.447	608.261
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		2.561.861	0
Áhættuvarnarsamningar .....		456.098	737.006
Tekjuskattsskuldbinding .....		10.308.158	11.080.041
Langtímaskuldir samtals		<u>141.470.356</u>	<u>142.236.964</u>
Viðskiptaskuldir .....		2.410.347	2.230.378
Vaxtaberandi skuldir .....		14.417.099	14.667.114
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....		373.655	0
Áhættuvarnarsamningar .....		2.191.625	2.898.249
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	8	455.075	0
Tekjuskattur til greiðslu .....		656.988	1.453.685
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.694.745	3.900.413
Skammtímaskuldir samtals		<u>25.199.534</u>	<u>25.149.838</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>166.669.890</u></u>	<u><u>167.386.803</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>307.928.552</u></u>	<u><u>311.258.242</u></u>

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar til 31. mars 2018

---

	Endurmats-reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis-reikningur	Þýðingar-munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
<b>1.1.-31.3. 2018</b>							
Eigið fé 1. janúar 2018 .....	80.349.640	16.805.347	0	3.144.133	( 5.359.795)	48.932.114	143.871.439
Þýðingarmunur .....					( 3.002.350)		( 3.002.350)
Hagnaður tímabilsins .....						389.573	389.573
Heildarafkoma .....	0	0	0	0	( 3.002.350)	389.573	( 2.612.778)
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....	( 652.439)					652.439	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram móttékinn arð .....		3.231.085				( 3.231.085)	0
Eigið fé 31. mars 2018 .....	79.697.201	20.036.431	0	3.144.133	( 8.362.145)	46.743.041	141.258.661
<b>1.1.-31.3. 2017</b>							
Eigið fé 1. janúar 2017 .....	72.918.471	7.000.139	59.759	2.822.160	( 1.785.611)	40.460.965	121.475.883
Þýðingarmunur .....					123.333		123.333
Hagnaður tímabilsins .....						6.038.811	6.038.811
Heildarafkoma .....	0	0	0	0	123.333	6.038.811	6.162.144
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....	( 635.198)					635.198	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram móttékinn arð .....		2.922.708				( 2.922.708)	0
Eigið fé 31. mars 2017 .....	72.283.273	9.922.847	59.759	2.822.160	( 1.662.278)	44.212.266	127.638.027

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymsfirlit

## 1. janúar til 31. mars 2018

	2018 1.1.-31.3.	2017 1.1.-31.3.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður tímabilsins .....	389.573	6.038.811
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	6.108.998	( 2.999.193)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga .....	( 6.058)	2.988
Tekjuskattur .....	( 1.028.215)	2.258.164
Afskriftir og virðisrynnun .....	2.287.212	2.384.026
Söluhagnaður eigna .....	( 1.816)	( 231)
Lifeyrisskuldbinding, hækkun .....	54.186	910
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	7.803.879	7.685.475
Birgðir, hækkun .....	( 228.946)	( 118.956)
Skammtímakröfur, hækkun .....	( 2.242.811)	( 1.638.167)
Skammtímaskuldir, hækkun .....	52.497	1.381.234
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	5.384.620	7.309.586
Innborgaðar vaxtatekjur .....	103.033	58.773
Greidd vaxtagjöld .....	( 708.546)	( 764.495)
Móttekinn arður .....	1.195	1.321
Greiðslur v. annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	( 243.060)	( 151.158)
Greiddir skattar .....	( 409.308)	0
Handbært fé frá rekstri	4.127.934	6.454.027
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 2.746.982)	( 3.239.213)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	( 91.965)	( 43.038)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	13.674	1.489
Breyting á bundnum innlánum .....	4.000.000	( 1.000.000)
Breyting á markaðsverðbréfum .....	( 46.369)	( 685.566)
Aðrar fjáreignir .....	3.903.482	0
Fjárfestingarhreyfingar	5.031.839	( 4.966.327)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>		
Tekin ný langtímalán .....	3.545.555	1.969.848
Afborganir langtímaskulda .....	( 3.424.633)	( 3.627.968)
Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna .....	( 236.080)	( 478.861)
Skammtímalán, lækkun .....	0	( 2.859.984)
Fjármögnumnarhreyfingar	( 115.159)	( 4.996.965)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	9.044.614	( 3.509.265)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	6.254.983	12.356.669
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....	( 167.583)	14.017
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....	15.132.015	8.861.420
<b>Fjárfesting og fjármognun án greiðsluáhrifa</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	196.945	( 347.533)
Skammtímaskuldir, breyting .....	( 196.945)	347.533
<b>Aðrar upplýsingar</b>		
Veltufé frá rekstri .....	7.438.413	5.594.471

Skýringar á bls. 9-16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bærjárhlási 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	31.3.2018	31.12.2017
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ohf.	Dreifing rafmagns og hita	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Sala rafmagns	100%	100%
OR Vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100%	100%
Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100%	100%
Foss fasteignafélag slhf.	Rekstur fasteigna	100%	100%

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2017 fyrir utan breytingar á reikningsskilaaðferðum vegna IFRS 15 (sjá skýringu 3. a.) og IFRS 9 (sjá skýringu 3. b.) sem tóku gildi í upphafi árs 2018 og greint er frá í skýringu 3. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess [www.or.is](http://www.or.is), sem og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 28. maí 2018.

### b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 36 með ársreikningi 2017.

# Skýringar

---

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

### d. Erlendir gjaldmiðlar

#### i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

#### ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðl en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðl eru umreknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðl en íslenska krónu er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Nýir reikningsskilastaðlar

### a. IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini

Staðallinn IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavini* tók gildi í upphafi árs 2018. Hann gildir um sölu á vörum og þjónustu og leysir af hólmi staðlana IAS 18 og IAS 11 og ýmsar tengdar túlkanir. IFRS 15 byggir á fimm skrefa tekjuskráningarlíkani sem beita skal við tekjuinnlausn. Staðallinn innifelur heildstæðan ramma um ákvörðun tekna og veitingu upplýsinga um eðli, fjárhæðir, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi vegna samninga um vöru- og þjónustusölu. Nýja tekjuskráningarlíkanið er ólíkt eldri reglum á þann veg að tekjuinnlausn skal miða við afhendingu á vörum og þjónustu til viðskiptavinar, þ.e. flutning yfirráða, en samkvæmt eldri reglum byggjist tekjufærsla á yfirfærslu áhættu og ávinnings. Greining samstæðunnar á áhrifum IFRS 15 leiddi í ljós að hann hafði ekki áhrif á tekjuskráningu hennar. Af því leiðir að áhrif staðalsins á efnahagsreikning samstæðunnar í upphafi árs 2018 eru engin. Staðalinn gerir ítarlegri kröfur um upplýsingar en þeir staðlar og túlkanir sem hann leysti af hólmi. Upplýsingar um tekjur og tekjuskapandi starfsemi samstæðufélaga eru því ítarlegri en í fyrri reikningsskilum, sjá skýringar númer 4 og 5.

### b. IFRS 9 Fjármálagerningar

IFRS 9 *Fjármálagerningar* tók gildi 1. janúar 2018 og kemur í stað IAS 39 *Fjármálagerningar: Skráning og mat*. Kröfur IFRS 9 um flokkun og mat fjárskulda eru að mestu leyti óbreyttar frá IAS 39. Hins vegar eru eftirtaldir flokkar fjáreigna samkvæmt IAS 39 afnumdir; fjáreignir haldið til gjalddaga, lán og kröfur og fjáreignir til sölu.

Innleiðing IFRS 9 hafði ekki veruleg áhif á reikningsskilaaðferðir samstæðunnar vegna fjárskulda og afleiðugerninga. Samkvæmt staðlinum er við upphaflega skráningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilt að velja á milli þess að flokka fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eða gegnum aðra heildarafkomu. Eftir það er ekki heimilt að breyta flokkuninni.

# Skýringar

---

## b. IFRS 9 Fjármálagerningar, frh.

Samstæðan flokkar eignarhluti í félögum á gangvirði gegnum aðra heildarafrkomu. Við upptöku á IFRS 9 er heimilt að halda þeiri flokkun óbreyttri og hafa stjórnendur OR ákveðið að nýta þessa heimild og halda óbreyttri flokkun. Flokkun á eignarhlutum í félögum á gangvirði í gegnum aðra heildarafrkomu leiðir til þess að gagnvirðisbreytingar þeirra verða eingöngu færðar í aðra heildarafrkomu og færast ekki í rekstrarreikning við sölu.

Markaðsverðbréf eru flokkuð á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru ekki með þekkt framtíðar fjárfreyimi og ber að flokka þau áfram á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Viðskiptakrörur og aðrar krörur sem áður voru flokkaðar sem lán og krörur samkvæmt IAS 39 eru nú flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Samkvæmt IFRS 9 er virðisrýrnunarlíkani IAS 39 sem byggir á áorðnu tapi skipt út fyrir líkan með kröfutapi. Nýja virðisrýrnunarlíkanið nær yfir fjáreignir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, samningseignir og skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafrkomu, en tekur ekki til eiginfjárgerninga. Samkvæmt IFRS 9 er kröfutap gjaldfært fyrr en samkvæmt IAS 39.

Við mat á væntu útlánatapi verður að taka tillit til breytinga í efnahagsumhverfinu sem hafa áhrif á vænt útlánatap, en matið þarf að byggja á líkindavegnum grunni. Hin nýja nálgun við mat á virðisrýrnun felur í sér að niðurfærslur eru almennt metnar með tvennum hætti. Annað hvort er virðisrýrnun metin sem 12 mánaða vænt útlánatap. Í því felst virðisrýrnun vegna mögulegra vanskila sem geta orðið innan árs frá uppgjörsdegi. Að öðrum kosti er virðisrýrnun metin samkvæmt væntu útlánatapi á líftíma fjáreignar sem felur í sér mögulega virðisrýrnun vegna vanskila sem yrðu á væntum líftíma fjáreignarinnar.

Eignir samstæðunnar sem flokkaðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af viðskiptakröfum og samningseignum, öðrum kröfum, bundnum innstæðum og handbæru fé. Viðskiptakrörur og aðrar skammtímakrörur eru án verulegs fjármögnunarþáttar og áhættan óveruleg og miðast mat á virðisrýrnun þeirra við vænt útlánatap á líftíma þeirra.

Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt IFRS 9 eru ýmist skammtímakrörur, þar sem líftími er skemmri en eitt ár eða krörur með litla útlánaáhættu. Þess vegna er vænt útlánatap þeirra eigna hlutfallslega lágt og eru áhrif innleiðingar staðalsins á reikningsskil samstæðunnar óveruleg að öðru leyti en því að auknar krörur eru gerðar til efnis og umfangs skýringa.

# Skýringar

## 4. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 5 og tekjur eftir starfspáttum í skýringu nr. 6.

### Vörur og þjónusta

### Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

#### a. Sala á rafmagni

Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarrekning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarrekning við tengingu.

#### b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarrekning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarrekning við tengingu.

#### c. Sala á köldu vatni

OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfsssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarrekning við tengingu.

#### d. Fráveita

OR Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarrekning við tengingu.

#### e. Aðrar tekjur

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. sér um rekstur gagnaflutningskerfis. Tekjur af gagnaflutningskerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarrekning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu.

## 5. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2018	2017
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rafmagn.....	5.192.450	5.128.490
Heitt vatn.....	3.907.228	3.462.701
Kalt vatn.....	792.710	815.544
Fráveita.....	1.334.233	1.258.126
Aðrar tekjur.....	1.034.414	1.157.249
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	<u>12.261.035</u>	<u>11.822.110</u>

# Skýringar

---

## 6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaplysingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur gagnaflutningskerfis.

Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 36 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017.

### Rekstrarstarfspættir - svið

#### 1.1.-31.3. 2018

	<b>Veitur</b>	<b>Orka náttúrunnar</b>	<b>Önnur starfsemi</b>	<b>Jöfnunar- færslur</b>	<b>Samtals</b>
Tekjur frá þriðja aðila .....	7.895.150	3.707.003	660.698	0	12.262.851
Tekjur innan samstæðu .....	519.140	1.327.827	1.590.050	( 3.437.017)	0
Tekjur starfspáttá .....	8.414.290	5.034.830	2.250.748	( 3.437.017)	12.262.851
Rekstrargjöld starfspáttá .....	( 3.938.187)	( 2.117.638)	( 1.892.534)	3.437.017	( 4.511.342)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA .....	4.476.103	2.917.192	358.214	0	7.751.509
Afskriftir .....	( 1.240.075)	( 738.644)	( 308.493)	0	( 2.287.212)
Afkoma starfspáttá, EBIT .....	3.236.029	2.178.547	49.721	0	5.464.297
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 899.504)	( 665.472)	615.605	( 5.159.627)	( 6.108.998)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	0	0	6.058	0	6.058
Tekjuskattur .....	( 325.325)	( 300.507)	( 249.972)	1.904.020	1.028.215
Hagnaður tímabilsins .....	2.011.199	1.212.569	421.412	( 3.255.607)	389.573

#### 1.1.-31.3. 2017

Tekjur frá þriðja aðila .....	7.516.841	3.715.245	590.255	0	11.822.341
Tekjur innan samstæðu .....	730.576	1.132.545	1.407.813	( 3.270.933)	0
Tekjur starfspáttá .....	8.247.417	4.847.790	1.998.067	( 3.270.933)	11.822.341
Rekstrargjöld starfspáttá .....	( 3.644.874)	( 2.092.201)	( 1.671.402)	3.270.933	( 4.137.544)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA .....	4.602.542	2.755.589	326.665	0	7.684.796
Afskriftir .....	( 1.213.173)	( 856.364)	( 314.490)	0	( 2.384.026)
Afkoma starfspáttá, EBIT .....	3.389.370	1.899.225	12.176	0	5.300.770
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 605.327)	( 1.258.686)	( 468.087)	5.331.293	2.999.193
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	0	0	( 2.988)	0	( 2.988)
Tekjuskattur .....	( 377.357)	( 124.163)	162.621	( 1.919.266)	( 2.258.164)
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	2.406.685	516.376	( 296.279)	3.412.028	6.038.811

# Skýringar

---

## 6. Starfsþáttayfirlit, frh.

### Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

	Vetur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Samtals
<b>Efnahagur (31.3.2018)</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	150.793.609	94.999.106	27.952.665	0	273.745.380
Aðrar eignir .....	18.600.265	10.055.848	148.074.813	( 142.547.754)	34.183.172
					307.928.552
Vaxtaberandi skuldir .....	62.110.668	52.679.895	145.940.330	( 118.832.001)	141.898.892
Aðrar skuldir .....	11.013.575	5.793.705	29.783.932	( 21.820.214)	24.770.998
					166.669.890
<b>Fjárfestingar</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	953.769	770.086	921.607	0	2.645.462
<b>Efnahagur (31.12.2017)</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	151.079.915	101.169.408	27.354.869	0	279.604.192
Aðrar eignir .....	16.477.990	9.827.856	152.422.891	( 147.074.687)	31.654.050
					311.258.242
Vaxtaberandi skuldir .....	63.237.820	55.752.375	148.520.208	( 123.031.634)	144.478.770
Aðrar skuldir .....	10.061.653	6.873.754	30.993.447	( 25.020.821)	22.908.033
					167.386.803
<b>Fjárfestingar (31.3.2017)</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	1.191.677	393.173	788.690	0	2.373.540

# Skýringar

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2018 1.1.-31.3.	2017 1.1.-31.3.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum .....	154.789	112.169
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur .....	( 903.764)	( 1.064.016)
Áfallnar verðbætur .....	( 435.558)	( 90.042)
Ábyrgðargjald til eigenda 1) .....	( 181.624)	( 200.059)
Vaxtagjöld samtals .....	( 1.520.946)	( 1.354.116)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum .....	( 5.159.627)	5.331.293
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur .....	( 186.274)	305.070
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga .....	1.011.422	137.793
Uppgjör áhættuvarnarsamninga .....	( 437.399)	( 629.870)
Gengismunur .....	27.842	( 904.467)
Arðstekjur .....	1.195	1.321
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals .....	( 4.742.841)	4.241.140
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	 ( 6.108.998)	 2.999.193

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,91% (2017: 0,87%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,58% (2017: 0,58%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 182 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 (1.1.-31.3.2017: 200 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

### Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 36 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 4.334 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018 (1.1.-31.3.2017: tekjufærsla að fjárhæð 5.774 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 5.346 milljónum kr. á tímabilinu 1.1.-31.3.2018 (1.1.-31.3.2017: tekjufærsla 5.636 milljónir kr.).

## 8. Viðskiptakröfur og fyrirframinnheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirframinnheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem sala í smásölu er innheimt með jöfnum greiðslum en raun notkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

# Skýringar

## 9. Gangvirði

### Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörsdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	31.3.2018		31.12.2017	
	Bókfært		Bókfært	
	verð	Gangvirði	verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	141.898.892	141.460.644	144.478.770	139.681.314

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

### Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	31.3.2018		31.12.2017	
	3,40% til 6,65%	3,12% til 6,31%	5,34%	-0,9% til 6,9%
Innbryggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	3,40% til 6,65%	3,12% til 6,31%	5,34%	-0,9% til 6,9%
Skuldabréf á gangvirði gegnum rekstur .....				
Áhættuvarnarsamningar .....	-0,9% til 6,8%	-0,9% til 6,9%		
Vaxtaberandi skuldir .....	1,23% til 12,88%	2,09% til 13,02%		

Flokkun fjármálagerninga eftir stigum gangvirðis hefur ekki breyst á tímabilinu en sjá má skiptinguna í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017 í skýringu 29.

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, engi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 25 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2017. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestar árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.